



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 16. október 2023
23101222/999.00 JVK

Efni: Spretthópur – rýni mótuneyta velferðar- og menntasviðs

Á undanförnum misserum hafa miklar verðhækkanir átt sér stað í íslensku samfélagi. Undirbúningur fjárhagsáætlunar ársins 2024 ber þess glögg merki en forsendur hennar gera m.a. ráð fyrir að almennar hækkanir séu hátt í 9%.

Hráefniskostnaður er eitt af því sem hækkað hefur tilfínnaðlega og hafa gjaldskrár ekki fylgt þeirri kostnaðarþróun sem skyldi. Það má því leiða líkum að því að kostnaður mótuneyta stofnana bæjarins séu nokkuð vanáætlaðar.

Til þess að sporna við þeirri þróun að kostnaður sérhæfðrar þjónustu bæjarins sé að falla á aðra en notendur þjónustunnar er mikilvægt að gjaldskrár viðkomandi þjónustu endurspegli raunkostnað hennar. Þá er aukinheldur nauðsynlegt að rýna hvort unnt sé að veita þjónustuna með hagkvæmari hætti til þess að lágmarka kostnað notenda.

Samhliða því að endurskoða gjaldskrár mótuneyta er lagt til að stofnaður verði spretthópur sem falið yrði að rýna og greina mótuneyti stofnana er heyra undir velferðar- og menntasvið Kópavogsbæjar. Hópnum verði falið að rýna hvort tækifæri séu til hagkvæmari innkaupa, t.a.m. í gegnum sameiginlega vefverslun. Jafnframt hvort unnt sé að stýra skömmtum í samræmi við raun nýtingu og sporna með því við matarsóun í þessum sömu stofnunum.

Lagt er til við bæjarráð að í hópnum verði fulltrúi frá meiri- og minnihluta í bæjarstjórn, deildarstjóri innkaupdeildar, rekstrarstjóri menntasviðs og rekstrarstjóri velferðarsviðs.

Samsetning hópsins er miðuð að því að sem best fagleg þekking á verkefninu sé til staðar svo að markmið hans náist fram á sem skemmstum tíma. Lagt er upp með að hópurinn skili niðurstöðum til bæjarráðs fyrir janúarlök 2024.

Virðingarfyllt,

Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026